



## GAMMA: LIQUIDITY

GAMMA: LIQUIDITY er verðbréfasjóður sem fjárfestir í skuldabréfum og víxlum, sem gefnir eru út af ríkissjóði, aðilum með ríkisábyrgð eða tryggðir með ríkisábyrgð, s.s. Íbúðalánasjóði. Að auki hefur sjóðurinn heimild til fjárfestingar í innlánum fjármálfyrirtækja.

Markmið GAMMA: LIQUIDITY er að skila ávöxtun í samræmi við skammtíma vaxtastig á markaði og er líftími sjóðsins ávallt lægri en 1 ár. Sjóðurinn hentar vel til ávöxtunar á fé til skemmri tíma eða fyrir fjárfesta sem vilja tiltölulega litlar sveiflur í ávöxtun.

Sjóðurinn beitir virkri stýringu með þeirri aðferðafræði sem GAMMA hefur þróað og notað við stýringu annarra skuldabréfasjóða.

Árleg umsýslupóknun er 0,40% og enginn kostnaður er við kaup eða sölu og enginn munur er á kaup- og sölugengi.

## Helstu upplýsingar

Gjaldmiðill:	ISK
Lágmarksupphæð:	10þ. kr.
Rekstrarform:	Verðbréfasjóður
Árleg þóknun:	0,40%
Gengismunur:	0,00%
Innlausnargjald:	0 kr.
Sölutímabil:	Viðskiptadagar fyrir kl. 14:00
Gengisuppreikningur:	Daglegur í lok dags
Meðallíftími:	Lægri en 1 ár
Hámarks stærð:	Engin
Skráning:	Rafrænt hjá Verðbréfaskráningu


## Um GAM Management hf. og sjóðsstjóra

GAM Management hf. [GAMMA] er rekstrarfélag verðbréfasjóða samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálfyrirtæki og starfar undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins. GAMMA fékk starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu í mars 2009.

GAMMA sérhæfir sig í fjárfestingu á vaxtamarkaði (e. fixed income) og gjaldeyrismarkaði (e. FX) en leggur sérstaka áherslu á tækifæri sem felast í íslenskum skuldabréfa-, vaxta- og gjaldeyrismarkaði.

Sjóðsstjóri er Valdimar Ármann, hagfræðingur og fjármálaverkfræðingur, sem starfaði hjá ABN AMRO í London við verðbólgu- og afurðir frá 2003-2006 og síðan í New York frá 2006-2008 hjá sama banka, og síðast RBS sem Vice President, Head of Inflation Structuring USA. Fyrst starfaði Valdimar hjá Búnaðarbankanum í afleiðum og gjaldeyrisviðskiptum. Hann hefur sinnt kennslu við Háskóla Íslands og kennir nú námskeiðið Skuldabréf í meistaranámi í hagfræði. Hann hefur lokið prófi í verðbréfavíðskiptum á Íslandi sem og í Bandaríkjunum og Bretlandi.

## Eignasamsetning



### Stærstu eignir:

RIKV 11 1017	24,5%
Innlán Arion Banki	16,5%
Innlán MP Banki	16,5%

## Sýn sjóðsstjóra

GAMMA: LIQUIDITY var stofnaður 13. apríl 2011. Ávöxtun í júlí var 0,28% og var 0,78% síðustu 3 mánuði. Hefur sjóðurinn hækkað um 0,93% frá stofnun.

Stærsta eign sjóðsins var í Ríkisbréfi með lokadag 22. júlí 2011 og var andvirði þess að mestu fjárfest í ríkisvíxlum. Sjóðurinn bindur ásamt því til skamms tíma fjárfestingar í innstæðum.

Töluverðar sveiflur hafa verið á styttri enda vaxtarófsins þar sem togast hefur á eftirspurn útlendinga og gjalddagi á stysta Ríkisbréfinu gegn yfirvofandi vaxtahækkunum Seðlabanka Íslands vegna aukins verðbólguþrýstings. Spurning er enn sú hvort þeir hækki vexti miðað við þá verðbólgu sem er til staðar til að viðhalda jákvæðu raunvaxtastigi á haustmánuðum. Á meðan óvissu stendur heldur sjóðurinn sig í mjög stuttum eignum.

## Gengisþróun og ávöxtun

### Ávöxtun


1 mán	0,28%
3 mán	0,78%
stofnun*	0,93%

### Kennitölur

Hrein eign [m.kr.]:	1.215
Verðtryggt:	0,2%
Meðallíftími ár:	0,50

\*stofndagur 13. apríl 2011

### Gengisþróun GAMMA: LIQUIDITY



Tölur um ávöxtun vísa til fortíðar og hafa ber í huga að ávöxtun í fortíð gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um ávöxtun í framtíð.

## Skuldabréfatými

Valdimar Ármann  
s: 519 3304  
valdimar@gamma.is  
Sjóðsstjóri

Gisli Hauksson  
s: 519 3301  
gisli@gamma.is

Guðmundur Björnsson  
s: 519 3303  
mummi@gamma.is

Agnar T. Möller  
s: 519 3302  
agnar@gamma.is

### Fyrirvari:

Um fjöllun þessi felur ekki í sér fjárfestingarráðgjöf eða tilboð eða hvatningu um að eiga viðskipti með verðbréf. Mat, álit og forspár endurspeglar eingöngu skoðanir þeirra starfsmanna GAM Management hf. sem vinna um fjöllunina og eru þær settar fram eftir bestu samvisku miðað við útgáfudag og kunna að breytast án fyrirvara. Þó svo upplýsingar þær sem birtast í þessari um fjöllun komi frá heimildum sem við teljum vera áreiðanlegar og þó svo við höfum lagt okkur fram um að tryggja áreiðanleika upplýsinganna á útgáfudegi þá ábyrgjumst við ekki beint eða óbeint notagildi þeirra varðandi forspá um framtíðarávöxtun eða mat á núverandi verðgildi eða framtíðverðgildi verðbréfa. Um fjöllunin ætti hvorki að skoðast sem fullnægjandi lýsing á þeim verðbréfum né á þeim mörkuðum sem hér er vitnað til. Skoðanir, sem látnar eru í ljós, kunna að vera ólíkar skoðunum á sama efni sem látnar eru í ljós af öðrum starfsmönnum GAM Management hf. og stafar það af því að beitt er mismunandi forsendum eða aðferðafræði. GAM Management hf. er rekstrarfélag Verðbréfasjóðs GAM Management. Sjóðurinn er verðbréfasjóður skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Nánari upplýsingar um áhættu og fjárfestingar má finna í útböðslýsingu eða útdrætti úr útböðslýsingu sjóðsins, sem nálgast má á heimasíðu GAM Management hf. eða á skrifstofu félagsins. Almenn fylgir áhætta fjárfestingu í verðbréfasjóðum og eignarhlutdeild getur rýrnað, aukist eða staðið í stað, m.a. vegna áhættu vegna efnahagsástands, alþjóðlegra fjárfestinga og gengisflöktis gjaldmiðils þegar eignir sjóðs eru í erlendum gjaldmiðlum. Athygli er vakin á því að söguleg ávöxtun gefur ekki vísbendingu um framtíðarávöxtun.